



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/129/

komudagur 11.2.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2011 02-2011020015  
T-ums 08/11

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum - 176. mál, þskj. 192.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. febrúar 2011 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að því sé ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta veilu í hlutafélagiforminu, koma í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald, sýni eigið fé sem ekki er til staðar og hagnað sem ekki er raunhæfur.

Frumvarpið varð áður flutt á 138. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu. Þá var á 136. og 137. löggjafarþingi flutt tillaga til þingsályktunar þess efnis að viðskiptanefnd yrði falið að semja frumvarp um gegnsæ hlutafélög. Markmið lagasetningarinnar átti að vera að búa til nýja tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald, bæði gagnvart eigendum beint og óbeint og einnig gagnvart dótturfélögum beint og óbeint. Tillagan varð ekki útrædd.

Í tilefni af framangreindri frumvarpi sem flutt var á 138. löggjafarþingi lét ríkisskattstjóri þann 19. maí 2010, í té umsögn til viðskiptanefndar þar sem sagði:

*„Ríkisskattstjóri fagnar framkomnu frumvarpi en leggur til að orðalag 4. og 8. mgr. a-liðar 10. gr. verði lagfært þannig að orðalag málsgreinanna samræmist betur þeim tilgangi sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu*

*Embættið leggur til að 4. mgr. a-liðar 10. gr. frumvarpsins hljóði svo: „Ekki er heimilt að veðsetja hluti í gegnsæju hlutafélagi nema veðhafi sé gegnsætt hlutafélag eða aðili með ótakmarkaða ábyrgð og eru aðrar veðsetningar ógildar.“*

*Þá telur ríkisskattstjóri að 8. mgr. a-liðar 10. gr. eigi að hljóða svo: „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal hlutafé í gegnsæju hlutafélagi ávallt greitt með reiðufé og gildir það jafnt um greiðslu stofnhlutafjár sem og við hlutafjárhækkunir hjá félaginu.“*


*Þá vekur ríkisskattstjóri athygli á að í frumvarpinu er ekki að finna öflugan hvata til að stuðla að breytingu hlutafélaga yfir í það að vera gagnsæ hlutafélög, nema að hugsanlega verði fjárfestar fúsari til að leggja fram hlutafé í slík félög umfram önnur og að hugsanlega verði lántaka auðveldari.*


*Þá er jafnframt ástæða til að vekja athygli á að þegar einkahlutafélagasformið var lögfest 1994 var löggjöfin sniðin að félögum sem væru með mun minni umsvif og þrengra eignarhald en hlutafélög. Af þeim sökum þótti ekki ástæða til að hafa ýmis atriði laga um einkahlutafélög eins skýr eða takmörkuð og þau sem gilda um hlutafélög. Síðustu vikur hefur hlutafélagaskrá móttengið tilkynningar um breytingar á samþykktum félaga þar sem þeim er heimilað að gefa út skuldabréf sem breytanlegur eru í hlutafé og eru upphæðir þessara bréfa langt fyrir ofan þau mörk sem hlutafélagalögin heimila. Þau félög sem hér um ræðir eru með tugmilljarða veltu og hefur a.m.k. einu slíku félagi verið breytt úr hlutafélag í einkahlutafélag til að komast fram hjá skýrum ákvæðum hlutafélagalaganna hvað þetta varðar.“*

Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar hefur verið tekið tillit til þeirra textabreytinga sem ríkisskattstjóri lagði til í áður nefndri umsögn. Embættið telur ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við efni frumvarpsins en ítrekar það sem fram hefur komið í eldri umsögn.

Það er skoðun ríkisskattstjóra ef frumvarpið yrði samþykkt eru líkur á að almennt siðferði í viðskiptum og umgegni við lögaðila muni batna. Mælir ríkisskattstjóri með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir